

Nr. 8 1889

Rjettvísinn
 gegn
 Erlendi Erlendssyni

D ó m u r :

Í máli þessu, sem höfðað hefur verið gegn hinum ákærða Erlendi Erlendssyni fyrir sviksamlegt athæfi eptir að rjettarrannsóknir höfðu fram farið í Borgarfjarðarsýslu, og síðan fram haldið til dóms eptir fyrirskipan amtmannsins í Suðuramtinu, var dómur uppkveðinn í aukarjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 8. ágústmán. f. á., og var hinn ákærði dæmdur sýkn af ákæru rjettvísinnar, en þó jafnframt skyldaður til að greiða allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun í hjeradi, 4 krónur. Dómi þessum hefur verið skotið til yfirjettarins af hálfu hins opinbera.

Með veðbrjefi útgefnu 16. nóvbr. 1876 veðsetti faðir hans ákærða sparissjóðnum í Reykjavík jörðina Teigakot á Akranesi fyrir 1200 kr. skuld. Jörð þessa eignaðist hinn ákærði síðar, aðra hálfölduna að kaupum árið 1879, og hina hálfölduna tók hann í arf árið 1882; tók hann jafnframt að sjer sparissjóðsskuldina til greiðslu. Síðar, árið 1883 eða 1884, veðsetti hann þessa sömu jörð Fischersverzlun í Reykjavík með öðrum veðrjetti til tryggingar fyrir verzlunarskuld, en eigi er nein skýrsla í málinu um upphæð þessarar veðskuldar. Hinum ákærða er nú gefið það að sök í máli þessu, að hann hafi selt ýmsum kaupendum parta af þessari veðsettu eign, og er það sannað með eigin játningu hans og öðrum skýrslum:

1. að hann hafi ásamt föður sínum hinn 28. febr. 1881 selt Oddi Guðmundssyni lóðarblett af Teiga-

kotslandi fyrir 100 kr., og kváðust seljendur ábyrgjast, að bletturinn væri óveðdreginn. Kaupandi þykist ekki muna, hvort honum þá hafi verið kunnugt um sparisjóðsskuldina, er hvíldi á jörðinni allri, en segir, að hann hefði eigi látið það standa fyrir kaupunum, þó að sjer hefði verið kunnugt um það.

2. að hann árið 1883 hafi selt Kristjáni Símonarsyni part af Teigakoti fyrir 865 kr. Kaupbrjef var ekki útgefið, en kaupandi tjáir, að sjer hafi verið kunnugt um veðskuldina, er hvíldi á jörðinni;
3. að hann hafi 30. jan. 1884 selt Þórði Þórðarsyni hússtæði og bátsuppsátur á Teigakotslóð fyrir 120 kr. Þórður hefur játað, að sjer hafi verið kunnugt um veðsetningu jarðarinnar til sparisjóðs, þá er hann gjörði kaupin, þó að hinn ákærði hafi eigi getið þess;
4. að hann hafi 17. febr. 1885 selt Sigmundi Guðbjarnarsyni lending og uppsátur á Teigakotslóð fyrir 50 kr. án þess að skýra frá veðsetningu jarðarinnar, sem kaupanda þá var ókunnugt um;
5. að hann hafi 25. apríl 1885 aptur selt áðurnefndum Oddi Guðmundssyni lóðarspildu á Teigakotslóð fyrir 20 kr., þannig að seljandi ábyrgdist laga-riptingar. Eigi er getið um það, hvort kaupanda hafi þá verið skýrt frá veðsetningu jarðarinnar, eða hvort honum þá á annan hátt hafi verið kunnugt um hana;

Haustið 1886 var fjárnám gjört í jörðinni Teigakoti fyrir skuld sparisjóðsins í Reykjavík, og var hún síðan seld til lúkningar tjeðri skuld, og seldist hún fyrir 1650 kr., án þess til þess kæmi að selja þyrfti ofanumgetin lóðarstykki, er ákærði var búinn að afhenda,

enda virðast kaupendurnir eigi hafa orðið fyrir neinu tjóni út af kaupunum. Eins og sparisjóðurinn þannig eigi hefur orðið fyrir neinum skaða sakir athæfis ákærða, þannig er það eigi heldur upplýst í málinu, að annar veðhafandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni, enda hefur hann enga iðgjalda-kröfu gjört.

Þó að eigi verði hrundið framburði hins ákærða um, að hann hafi ekki ætlað sjer að svíkja hvorki sparisjóðinn nje annan veðhafanda nje kaupendurna með áminnstum verknaði, og að hann hafi álitid, að hvernig sem færi, mundu kaupendurnir ná að halda hinu keypta, og að veðhafendur á hinn bóginn hefðu nægilega tryggingu skulda sinna í hinum óselda parti jarðarinnar, þá virðist þó athæfi hans, sjerstaklega salan til Odds Guðmundssonar og Sigmundar Guðbjarnasonar þess eðlis, að það beri að refsa honum fyrir það eptir 259. grein í alm. hegningarlögum 25. júní 1869, og verður eigi tekið tillit til framburðar hins ákærða um það, að hann hafi álitid verknad sinn ósaknæman, sbr. 43. gr. hegningarlaganna. Hinn ákærði er fæddur 18. sept. 1857 og hefur eigi áður sætt ákæru fyrir neitt laga-brot. Refsing sú, er hann hefur tilunnið í máli þessu, þykir hæfilega ákveðin samkvæmt hinni tilvitnuðu gr. hegningarlaganna 30 króna sekt til landssjóðs, er afplánist með 9 daga einföldu fangelsi, verði sektin eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Um málskostnad í hjeradi á aukarjettardómurinn að vera óraskaður; hinn ákærði á og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnad, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Á rekstri málsins í hjeradi hefur orðið mjög mikill

dráttur, þar sem fyrsta rjettarpróf var haldið í því 18. nóv. 1886, en það eigi dæmt fyrir en 8. ágústmán. f. á.; um drátt þennan og orsakirnar til hans hefur hjeradsdómarinn gefið ítarlega skýrslu, og þótt eigi verði álitid, að hann sje nægilega rjettlættur með skýrslu þessari, þykir þó eigi fullkomin ástæða til að láta dóm-arann sæta ábyrgð fyrir hann. Málsfærslan við yfir-dóminn hefur verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Erlendur Erlendsson, á að greiða 30 króna sekt í landssjóð, eða sæta 9 daga einföldu fangelsi, verði sektin eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Um málskostnað í hjeradi á auka-rjettardómurinn að vera óraskaður. Hinn ákærði á og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu undir aðför að lögum.

Nr. 9/1889

Rjettvísun

gegn

Páli Stefánssyni og

Guðrúnu Þorsteinsdóttur.

D ó m u r :

Með eigin játningu hins ákærða, Páls Stefánssonar,